

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

344. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 12.12.2014, kl.12:30.

Mættir eru:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Karen E. Halldórsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri. Gestur fundarins undir lið 1 var Ólafur Kristinsson

Tekið fyrir:

1. Hlutverk endurskoðunarnefndar

Ólafur Kristinsson endurskoðandi kynnti hlutverk endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar.

2. Nýtt fyrirkomulag við eignfærslu endurvinnslustöðvanna

Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað, dagsett 11. desember 2014 um meðhöndlun endurvinnslustöðva í reikningum SORPU, vegna fyrirvara endurskoðanda í árshlutareikningi. Stjórn samþykkir þá tillögu að verklagi sem felst í hugmyndum sem fram koma í minnisblaðinu. Eignfærslu endurvinnslustöðva verður breytt þannig að þær verða afskrifaðar. Stofnfé verður fært út og færð upp skuldbinding hjá SORPU sem verður ávallt sama upphæð og bókfært verð eigna í endurvinnslustöðvunum. Á móti skuldum SORPU vegna endurvinnslustöðva verður færð krafa á sveitarfélögin.

3. Gjaldskrár breyting um áramót

Kynnt breyting á gjaldskrá um áramót vegna vísitölubreytingar sem er hækkun um 1,599%. Stjórn ákveður að auki að gjaldskrá fyrir allan úrgang til urðunar hækki um 1,00 kr/kg án vsk þann 1. janúar eins og gert er ráð fyrir í samþykktri rekstraráætlun SORPU fyrir árið 2015.

4. Könnun meðal íbúa í Leirvogstungu um lyktarmál

Yfirverkfræðingur og framkvæmdastjóri kynna niðurstöður könnunar meðal íbúa í Leirvogstungu sem Capacent framkvæmdi í nóvember svipað og síðustu ár.

5. Komandi kjaraviðræður - staða

Framkvæmdastjóri kynnir stöðu í kjaraviðræðum við Eflingu og Hlíf og fer yfir fyrirkomulag við ákvörðun starfskjara annarra starfsmanna sem m.a. er fyrirskrifað í stofnsamningi SORPU bs. Framkvæmdastjóri kynnti notkun ökutækja SORPU og bifreiðahlunnindi starfsmanna. Stjórn gerir ekki athugasemd við núverandi fyrirkomulag.

6. Vélavinna í móttökustöð – staða

Framkvæmdastjóri kynnir stöðu mála vegna útboðs og vélakaupa.

7. Húsasorpsrannsókn.

Yfirverkfræðingur kynnir drög að niðurstöðum árlegrar rannsóknar á innihaldi sorpiláta höfuðborgarbúa og innihaldi blandaðs gáms á endurvinnslustöðvunum.

Bjarni Gnýr Hjarðar fer af fundi.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HAR", "RGS", "KAS", and "BOTB sub."

8. **Greinargerð SORPU til kærunefndar útboðsmála vegna kæru Metanorku ehf. og Íslenska gámafélagsins.**
Greinargerðin lögð fram.
9. **Krafa Metanorku ehf. og Íslenska gámafélagsins um upplýsingar og svör SORPU**
Lagt fram bréf ÓK Lögmannna, dagsett 27. nóvember 2014 og drög að svari SORPU.
10. **Niðurstöður rannsókna á innihaldi baggaðs úrgangs sem berst í Álfnes.**
Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður rannsóknar á innihaldi sorpbagga sem koma í Álfnes frá móttökustöð SORPU, frá Gámaþjónustunni og Íslenska gámafélaginu. Framkvæmdastjóra falið að senda Gámaþjónustunni og Íslenska gámafélaginu bréf þar sem farið er yfir niðurstöður rannsóknarinnar. Stjórn minnir á móttökuskilyrði SORPU og þau viðurlög sem gilda sé ekki farið að þeim.
11. **Viðræður við SOS - staða.**
Formaður og varaformaður greina frá fundi stjórnar SOS og fulltrúa stjórnar SORPU sem fram fór þann 21. nóvember.
Framkvæmdastjóri kynnir framlengingu á samningi SORPU og SOS um móttöku úrgangs af starfssvæði SOS. Stjórn samþykkir samninginn.
12. **Fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina í Reykjavík vegna kaupa á bifreiðum af bílaleigum.**
Kynnt svar framkvæmdastjóra við fyrirspurninni.
13. **Jólaúthlutun Góða hirðisins.**
Skrifstofustjóri kynnir jólaúthlutun Góða hirðisins sem fram fer föstudaginn 19. desember kl. 10:30
14. **Næsti fundur.**
Næsti fundur stjórnar ákveðinn 9. janúar 2015 kl.07.30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 15.20.

Fundarritari Sigríður Björg Einarsdóttir

Bjarni Tólf
Halldór Guðnason
Jóna Þorvaldsson
Þóra Tólf
Kjartan
Alfstein Þósson
Ólafur Hauksson
SORPU